



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga

69. Fjórðungssþings Vestfirðinga að hausti

## Ályktanir



Haldið á Laugarhóli Bjarnafirði

18.-19. október 2024

## Efnisyfirlit

Ályktun – Uppbygging Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum .....	2
Ályktun – Uppbygging farnetskerfa á tengivegum.....	2
Ályktun – Endurskoðun hættumats ofanflóða .....	2
Ályktun – Aukið fjármagn fyrir löggæslu á Vestfjörðum .....	2
Greinargerð: .....	2
Ályktun – Rekstur náttúrustofa.....	3
Greinargerð: .....	4
Ályktun – Aukin kynning á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum .....	5
Ályktun – Fjármagn til sóknaráætlana .....	5
Greinargerð: .....	5
Ályktun – Rannsóknir og nýsköpun .....	5
Ályktun – Jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs.....	6
Greinargerð: .....	6
Ályktun – Setning laga um lagareldi .....	7
Ályktun – Hafnarmál .....	7
Ályktun – Tillögur Strandanefndar .....	7
Greinargerð: .....	7
Ályktun – Heitavatnsleit á Gálmaströnd.....	8
Greinargerð: .....	8
Ályktun - Vetrarþjónusta á Vestfjörðum .....	8
Ályktun – Frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024 .....	8
Ályktun – Bíldudalsvegur 63 .....	9
Ályktun - Samgönguáætlun .....	9
Ályktun – Vestfjarðalína .....	9

## Ályktun – Uppbygging Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, lýsir stuðningi við áætlun stjórnvalda að lokið verði á árinu 2026 uppbyggingu farnets á stofnvegum landsins í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki. Fjórðungsping Vestfirðinga bendir hinsvegar á að viðbragðsaðilar hafa lýst þungum áhyggjum að ekki sé samhliða unnið að uppbyggingu Tetra kerfis. Að óbreyttu verði stór svæði á stofnvegum án Tetra sambands og öryggi vegfarenda þar með stefnt í hættu vegna vanbúnaðar viðbragðsaðila.

Fjórðungsping Vestfirðinga skorar á stjórnvöld og Alþingi að fjármagna uppbyggingu Tetra kerfis samhliða uppbyggingu farnets. Auk stórbætts öryggis fyrir vegfarendur er augljós ávinningur í samnýtingu verktaka og búnaðar við uppsetningu farnets og Tetrakerfis.

## Ályktun – Uppbygging farnetskerfa á tengivegum

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024 lýsir vonbrigðum með að ekki sé stefnt að uppbyggingu farnets á tengivegum á Vestfjörðum í áætlunum stjórnvalda og skorar á stjórnvöld að byggja upp farnet og tetrakerfi á tengivegum. Tengivegir eru þeir vegir sem tengja vinsælustu ferðamannastaði á Vestfjörðum við stofnvegakerfið. Lélegt farnet skapar mikið óöryggi fyrir íbúa og ferðamenn þessara svæða.

## Ályktun – Endurskoðun hættumats ofanflóða

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, krefst þess að hraðað verði endurskoðun hættumats vegna ofanflóða. Án endurmats verða viðvarandi tafir á að sveitarfélög geti skipulagt ný svæði til uppbyggingar íbúða og atvinnuhúsnaðis.

## Ályktun – Aukið fjármagn fyrir löggæslu á Vestfjörðum

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, skorar á dómsmálaráðherra og stjórnvöld að beita sér fyrir auknu fjármagni til að efla löggæslu í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum ásamt því að efla landamæraeftirlit og styrkja almannavarnahlutverkið á Vestfjörðum.

### Greinargerð:

Umsvif og umfang löggæslu á Vestfjörðum hefur aukist undanfarin ár án þess að fjöldi lögreglufólks hafi aukist á sama tíma. Lögreglan og löggæsla er mikilvægur hluti af innviðum samfélagsins og mikilvægt að viðbragð og geta hennar til að takast á við aukin verkefni sé

tryggð.

Dæmi um breytingar á undanförnum árum eru:

- Aukinn íbúafjöldi.
- Aukin umferðapunging (ferðafólk) á vegum í umdæminu.
- Aukinn þungi stórra ökutækja á vegum í umdæminu, bæði vöru og fólksflutningar.
- Aukinn fjöldi skemmtiferðaskipa sem koma til hafna á Vestfjörðum með tilheyrandi önnum (flestir innviðir koma með einum eða öðrum hætti að verkefnum sem af þessum fjölda hlýst, s.s. lögregla, sjúkraflutningar, heilbrigðisstofnanir og fl.)
- Aukin áhersla á svk. samfélagslöggeslu (aukið forvarnasamstarf lögreglu með börnum, foreldrum þeirra og stofnunum sem vinna með einum eða öðrum hætti með börnum).
- Auknar áherslur á aðkomu lögreglu vegna vegabréfaskoðunar og eftirliti með útlendingum með hliðsjón af landamæraeftirliti (Schengensamstarfið).
- Aukin áhersla á styttri viðbragðstíma lögreglu. Þar er m.a. áskorun hversu fámennt lögregluliðið er ekki síst m.t.t. langra vegalengda milli starfsstöðva (Hólmavík-Patreksfjörður-Ísafjörður).
- Aukin áhersla á almannavarnir, s.s. viðbragðsáætlanir, æfingar og verkefni.
- Aukin krafa um styttri málsmeðferðatíma mála sem koma til rannsóknar hjá lögreglu.
- Auknar kröfur til lögreglu á öllum sviðum og fjölmörg verkefni sem ekki hafa verið tíunduð hér að ofan.

Jafnframt má nefna að önnur lögreglumdæmi á landinu hafa fengið aukin stöðugildi ásviði almannavarna og landamæraeftirlits, en hvoru tveggja þessara verkefna hefur aukist til muna á síðustu árum í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum.

Kröfur vegna landamæraeftirlits hafa aukist verulega síðustu ár í öllu umdæminu m.a. vegna komu skemmtiferðaskipa.

Það er því veruleg uppsöfnuð þörf til að fjölga almennu lögreglufólki um a.m.k. fjögur stöðugildi ásamt því að fjölga um tvö stöðugildi sem sinna landamæraeftirliti og almannavörnum.

## Ályktun – Rekstur náttúrustofa

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, skorar á stjórnvöld að efla náttúrustofur og tryggja rekstrargrundvöll þeirra til lengri tíma, bæði með frekari dreifingu verkefna til náttúrustofanna og að aukið fjármagn fylgi þeim verkefnum sem náttúrustofurnar taka að sér. Samningar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis við sveitarfélög um rekstur náttúrustofa runnu út um síðustu áramót. Stöðug varnarbarátta um fjárframlög frá ríki veldur óöryggi og óvissu í rekstri stofnananna og hætt er við því að sameiningar náttúrustofanna, hvort sem er innbyrðis eða við aðrar stofnanir muni veikja þær og draga úr því góða og nauðsynlega starfi sem þær er unnið.

## Greinargerð:

Náttúrustofurnar starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Stofurnar urðu á sínum tíma að veruleika sem skref í byggðamálum og hefur það tekist einstaklega vel og er nú svo komið að jafnmargir starfa á náttúrustofunum á landsbyggðinni og á Náttúrufræðistofnun Íslands. Fyrstu árin voru stofurnar reknar með beinni aðild ríkisins sem skipaði einn stjórnarmann en með lagabreytingu árið 2002 dró ríkið sig út úr beinni aðild að stofunum. Samningar voru gerðir um fjárframlög ríkisins til stofanna við sveitarfélögin sem reka þær. Frá árinu 2002 hefur dregið úr tengslum náttúrustofa við umhverfis- og auðlindaráðuneytið þrátt fyrir að lesa megji úr umræðum á Alþingi og umfjöllun umhverfisráðherra þá og síðar að ætlunin hafi ekki verið að draga úr samvinnu við stofnanir ríkisins heldur að skýra rekstrarlega ábyrgð. Dregið hefur einnig úr fjárframlögum ríkisins til stofanna. Nú eru starfandi 8 náttúrustofur en jafnframt hafa í sumum landshlutum byggst upp þekkingarsetur sem starfa á sviði náttúrufræða með stuðningi ríkis og sveitarfélaga.

Nú er mikil deigla í náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi, m.a. vegna skuldbindinga og markmiða Íslands í loftslagsmálum og vaxandi nýtingar náttúrunnar í ferðamennsku og annarri atvinnuuppbyggingu. Breytingar kalla á enn betri þekkingu og vöktun náttúrunnar um land allt og því er mikilvægt að meta hvernig fjármagn og fagþekking á þessu sviði getur nýst íslensku samfélagi sem best. Búið er að móta starfshóp sem falið er að móta leiðir til að styrkja samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins í þeim tilgangi að nýta fjármagn til þekkingaröflunar og vöktunar á náttúru landsins sem best og til að auka skilvirkni í samstarfi um náttúruvernd. Náttúrustofurnar hafa einnig fengið aukið hlutverk við vöktun náttúruverndarsvæða sem hrint var af stað af ríkisstjórninni árið 2020 með sérstakri fjárveitingu. Þá hafa náttúrustofurnar fengið aukið hlutverk í vöktun fuglategunda. Verkefni eru skilgreind í samningum Náttúrufræðistofnunar Íslands við hverja náttúrustofu og eru jafnframt unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð. Einnig fela verkefni í sér samræmingu gagna sem aflað er í vöktun en nokkuð hefur vantað upp á að svo sé. Þessi verkefni hafa styrkt náttúrustofurnar sem nú eru allar þátttakendur í þessu sameiginlega verkefni og jafnframt styrkt tengsl við ráðuneytið og stofnanir þess. Þessu til viðbótar hefur verið gerður tímabundinn samningur við Náttúrustofu Vesturlands þar sem stofunni var falið að vinna að verkefninu „Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun.“

Sameiningar opinberra stofnanna hafa borið misgóðan árangur, það eru hinsvegar spörin sem hræða. Mikilvægt að hagsmunir allra náttúrustofanna, hagsmunir starfsmanna þeirra og hagsmunir samfélaganna þar sem þær eru starfræktar séu hafðar í öndvegi í þessari vinnu starfshópsins. Mikill nýsköpunarkraftur hefur falist í sjálfstæði hvernar stofu og þeirri staðreynd að einn forstöðumaður er yfir hverri þeirra. Það skilar staðbundinni þekkingu og allt viðbragð og úthald er einfaldara. Metnaður fyrir því að starfsemin sé í góðum farvegi mun minnka frá því sem nú er ef ákvörðun um framtíð og þróun einingar væri tekin úr höndum samfélaganna. Stjórnir Náttúrustofanna eru skipaðar af sveitarfélögunum og aðkoma þeirra að starfseminni gegnum stjórnirnar skiptir máli og þar er farvegur fyrir aukið samtal. Stofurnar veita einnig

mikilvæg tækifæri fyrir fagmenntað fólk á landsbyggðinni og eykur fjölbreytni í atvinnulífi sem og mannlífi í samfélagunum þar sem þær starfa.

## Ályktun – Aukin kynning á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði hvetur Vestfjarðastofu til áframhaldandi vinnu við að kynna Vestfirði sem álitlegan valkost til fjárfestinga. Jafnframt hvetur þingið Vestfjarðastofu til að koma betur á framfæri verkefninu invest sem tengist áherslum sóknaráætlunar um atvinnulíf á Vestfjörðum.

## Ályktun – Fjármagn til sóknaráætlana

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, skorar á innviðaráðherra og Alþingi að auka fjármagn til sóknaráætlana.

Krónutala til sóknaráætlana hefur ekki hækkað í áratug og mál sem tengjast velferð, samfélagi og velsæld íbúa fá þar af leiðandi ekki brautargengi við val á áherslum. Það er því sífellt minna fjármagn sem hægt er að veita í samfélagsleg verkefni sem eru til þess fallin að efla samfélögin og samstarf þeirra.

### Greinargerð:

Samfélagsleg verkefni sem eru mjög mikilvæg mál eru þau sem oft víkja fyrst þegar takmarkað fjármagn er til skiptanna. Þessi verkefni eru t.d. ungmennapening, efling fjölmenningarlegra verkefna, samstarf í uppbyggingu menningarverkefna og samstarf innan starfssvæða sóknaráætlana sem líða fyrir minna fjármagn. Það er því menning, upplifun íbúa og samskipti sem oftast verða undir og þannig dregur úr stuðningi við verkefni sem ætluð eru til að stuðla að uppbyggingu samfélaga til að auka vellíðan íbúa og gesta.

## Ályktun – Rannsóknir og nýsköpun

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, skorar á stjórnvöld að auka stuðning við rannsóknir og nýsköpun á Vestfjörðum og víðar á landsbyggðinni.

Viðvarandi skerðingar síðustu ára á fjárveitingum til smærri stofnana og starfstöðva stofnana utan höfuðborgarsvæðis, eru að sliga rekstur þeirra. Fjórðungsþing bendir á að markmið fjárlaga og fjármálaáætlunar eru í klárri andstöðu við markmið stjórnvalda um fjölgun starfa, eflingu framhaldsmenntunar, rannsókna og þekkingar til styrkingar byggðar um land allt.

## Ályktun – Jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, beinir því til stjórnvalda að jafna aðstöðumun sveitarfélaga í landinu varðandi meðhöndlun úrgangs. Stjórnvöld veiti stuðning við uppbyggingu og rekstur úrvinnslukerfa og eða með jöfnun á flutningskostnaði úrgangs. Íbúar landsins eiga óháð búsetu, að standa jafnt í því markmiði að skapa skilyrði til hringrásarhagkerfis og tryggja stjórnun úrgangsmála. Því verður að draga úr aðstöðumun dreifðra byggða sem staðsettar eru langt frá urðunar-, móttöku- og förgunarstöðum, við þær byggðir sem eru í nálægð við slíka staði.

### Greinargerð:

Markmið sem sett voru með breytingu á lögum 55/2003 og tóku gildi í ársbyrjun 2023, setja háleit markmið að ná tökum á meðhöndlun úrgangs á Íslandi. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa af þessu tilefni unnið á árinu 2024, að marka sér stefnu í úrgangsmálum, með gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum.

Sveitarfélög á Vestfjörðum taka þar fast á málum í anda þeirra markmiða sem sett eru með breyttum lögum. Markmið svæðisáætlunarinnar eru að koma á virku hringrásarhagkerfi, beita hagrænum hvötum til að minnka úrgang og setja sérstaka áherslu á úrvinnslu á lífrænum úrgangi. Eins á að draga úr flutningi úrgangs út af svæðinu eins og kostur er.

Greining svæðisáætlunar leiðir í ljós að gera þarf verulegar breytingar á úrgangskerfum innan Vestfjarða ef takast eigi að ná markmiðum, en dreifð byggð, fámenni og miklar fjarlægðir leiða til dýrra lausna. Því verður, þrátt fyrir þetta markmið um að minnka flutning, að meta samhliða kostnað við flutning á úrgangi út af Vestfjörðum og semja síðan um úrvinnslu úrgangs í öðrum landshlutum.

Það fylgdi síðan breytingum á lögum vegna meðhöndlunar úrgangs að sveitarfélögum er nú skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við þjónustu um meðhöndlun úrgangs. Við gildistöku þessa ákvæðis í upphafi árs 2023, kom skýrt fram að sveitarfélög sem eru bæði dreifbýl og langt frá móttökustöð standa höllum fæti þegar kemur að kostnaði af meðhöndlun úrgangs og aðstöðumunur sveitarfélaga er sláandi. Samkvæmt nýjum samanburði eru t.d. gjöld Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar vegna meðhöndlunar úrgangs þau hæstu sem gerist á landinu og langtum hærrí en það sem þekkist á höfuðborgarsvæðinu, en dugir þó ekki til fyrir rekstri þjónustunnar.

Sveitarfélögin eru skýr í því að fylgja stjórnvöldum um markmið laga um meðhöndlun úrgangs. Það hlýtur samt að verða með þeim hætti að íbúar landsins standi þar jöfnum fæti kostnaðarlega séð, ella er gengið gegn markmiðum annarra áætlana stjórnvalda sem hafa að markmiði að stuðla að búsetufrelsi um land allt.

## Ályktun – Setning laga um lagareldi

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, hvetur Alþingi og stjórnvöld að ljúka lagasetningu er varðar endurskoðun á stefnumörkun, framkvæmd og eftirlit með fiskeldi og breytingum á fyrirkomulagi fiskeldissjóðs.

Fyrir liggur vönduð vinna er varðar stefnumörkun og endurskoðun laga um lagareldi. Samráð í ferlinu gaf góð fyrirheit um skýr markmið stjórnvalda um að efla stjórnsýslu og fá skýrari ramma fyrir atvinnulíf. Aðalmarkmiði laganna í upphafi var að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld til að breyta reglugerðum að teknu tilliti til eftirfarandi liða.

- Breyta fiskeldissjóði í samfélagsjóð með beinni úthlutun til fiskeldssveitarfélaga í stað úthlutunarsjóðs með miklum ófyrirsjáanleika, sveitarfélög skora á stjórnvöld að hækka hlutdeild sveitarfélaga í 70%.
- Auka fjármagn til eftirlitsaðila í greininni í nærumhverfinu.
- Stjórnvöld stefni að auknu fiskeldi með úthlutun fiskeldisleyfa, fjármagn verði nýtt til að fjármagna samgöngusáttmála á Vestfjörðum.

## Ályktun – Hafnarmál

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, lýsir vonbrigðum hversu dregið er úr fjármagni Hafnarbótasjóðs og ekki síður hve verkefni sjóðsins eru vanáætluð að hálfu stjórnvalda.

## Ályktun – Tillögur Strandanefndar

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnarfirði ályktar að mikilvægt er að ríkisstjórn Íslands taki jákvætt í þær tillögur sem lagðar voru fram í nafni Strandanefndarinnar og eru á borði ríkisstjórnarinnar. Mörg þeirra verkefna sem þar eru tilgreind, geta skipt sköpun í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sem og í þeirri vegferð að efla innviði Stranda og nærumhverfis.

### Greinargerð:

Strandanefndin skilaði af sér mörgum góðum tillögum sem snerta sveitarfélögin á Ströndum beint en hafa engu að síður einnig mikla þýðingu fyrir Vestfirði alla. Sú staðreynd að það er forsætisráðherra sem setur nefndina á laggirnar, kallar á skýra afstöðu og ábyrgð ríkisstjórnarinnar hvað varðar afgreiðslu þeirra tillagna sem nefndin lagði fram. Margar þessara tillagna eru tilbúnar til afgreiðslu, kostnaðarmetnar og aðgerðaáætlun liggur fyrir. Það má ekki dragast lengur að koma þeim í framkvæmd.



## Ályktun – Heitavatsnleit á Gálmaströnd

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir átaki við leit að heitu vatni á Vestfjörðum til að auka lífsgæði, atvinnuuppbygginu og verðmætasköpun. Mikilvægt er að heitavatsnleit á Gálmaströnd í Steingrímsfirði ljúki þannig að orkunýting geti hafist.

### Greinargerð:

Um árabíl hafa menn talið sig vita um heitt vatn á Gálmaströnd í Steingrímsfirði og telja sumir þetta mesta jarðhitasvæði á Vestfjörðum. Borað hefur verið eftir heitu vatni í gegnum árin, nú síðast á þessu ári, 2024. Ekki tókst að klára þá verkþætti sem þar var lagt upp með en telur Orkubú Vestfjarða að aðeins þurfi smávægilegar þverboranir til að ná í heitt vatn. Nýting þess hefur mikið verið rædd, bæði út frá áhuga fjárfesta en einnig í ljósi nýtingarmöguleika Hólmavík.

## Ályktun - Vetrarþjónusta á Vestfjörðum

69. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, lýsir miklum vonbrigðum með fálæti stjórnvalda gagnvart ákalli samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, um lengingu þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum. Augljóst er að stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og er í hróplegu ósamræmi við lengri þjónustutíma á öðrum atvinnusvæðum í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra að breyta reglugerð um vetrarþjónustu og tryggja þannig að landshlutinn standi jafnfætis öðrum landsvæðum varðandi vetrarþjónustu.

Fjórðungsþing leggur til að þjónustutími á Djúpvegi um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúpi og Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði, Múlasveit, Klettsháls og Reykhólasveit sé samræmdur opnunartíma á Bröttubrekku og Þröskuldum.

Jafnframt verði vetrarþjónusta innan sveitarfélagsins Vesturbyggðar lengd og verði í samræmi við þjónustutíma milli byggðalaga á norðanverðum Vestfjörðum, ásamt því að færa Vestfjarðaveg 63, frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði upp um þjónustuflokk.

## Ályktun – Frestun útboða í vegaf framkvæmdum á árinu 2024

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, lýsir miklum vonbrigðum um frestun útboða á árinu 2024, verkefni sem eru á framkvæmdaáætlun samgönguáætlunar og ítrekuð loforð innviðaráðherra um samhangandi framkvæmdir á Dynjandisheiði og Gufudalssveit.

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra og Alþingi setja í forgang eftirfarandi verkefni

- Tryggt verði fjármagn til nýframkvæmda til að ljúka við næsta áfanga í vegagerð um Dynjandisheiði og verkefninu verði lokið á árinu 2025.
- Tryggt verði fjármagn til nýframkvæmda til að hefja útboð til brúarsmíði yfir Gufufjörð og Djúpafjörð á árinu 2025 og miðað við að verkefninu sé lokið 2026.
- Tryggt verði fjármagn til endurbóta og nýframkvæmda á Strandavegi norður í Árneshrepp, minnt er hér á fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í sveitarfélaginu.

## Ályktun – Bíldudalsvegur 63

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, beinir því til stjórnvalda að fjármagn verði tryggt til vegaframkvæmda í samræmi við framkvæmdaáætlun um Bíldudalsveg nr. 63 niður Trostansfjörð að Bíldudalsflugvelli, og að sú framkvæmd verði í beinu framhaldi af næsta áfanga um Dynjandisheiði.

## Ályktun - Samgönguáætlun

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, lýsir vonbrigðum yfir því að Alþingi og ríkisstjórn hafi ekki náð samkomulagi um afgreiðslu Samgönguáætlunar 2024-2038 og fimm ára framkvæmdaáætlunar. Ítrekuð eru þau verkefni sem fyrri Fjórðungsþing hafa ályktað um varðandi framkvæmdir á stofnvegum, tengivegum og jarðgöngum á Vestfjörðum auk viðhalds og þjónustu.

Fjórðungsþing skorar á starfstjórn og nýtt Alþingi Íslendinga að efna þau loforð sem Vestfirðingum hafa áður verið gefin.

## Ályktun – Vestfjarðalína

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, hvetur stjórnvöld til að leita nýrra leiða við fjármögnun á uppbyggingu innviða á Vestfjörðum. Litið verði á uppbyggingu jarðganga og annarra samgönguinnviða á Vestfjörðum sem sérstakt viðfangsefni samgöngumála í landinu.

Fjórðungsþing telur mikilvægt að stjórnvöld gangi hér til samstarfs við Innviðafélag Vestfjarða, sveitarfélög, Vestfjarðastofu og aðra hlutaðeigandi aðila við leit að fjármagni til að hrinda í framkvæmd samgönguverkefninu Vestfjarðalínu. Vestfjarðalína verði sérstakur samgöngusáttmáli fyrir Vestfirði sem tryggir öruggan láglendisveg árið um kring og tengir saman mismunandi svæði Vestfjarða og landshlutann saman í eina heild og með öfluga tengingu við höfuðborgarsvæðið.

Fjórðungsþing ítrekar ályktun frá 68. Fjórðungsþingi um að haldið verði þing um jarðgöng og fjármögnun stórframkvæmda þar sem forsendur uppröðunar jarðgangakosta og leiðir til fjármögnunar stórframkvæmda í vegagerð verði ræddar og óskar eftir aðkomu Innviðafélagsins að þeirri vinnu.